

6. gr.

Stjórn sjóðsins, sem jafnframt skal vera stjórn bókasafnsins, skal annast þessar eignir samanber 3.—4. gr. þessara samþykkt. Hún skal koma saman til funda svo oft sem þörf er á, og jafnan að nýlokinni stjórnarkosningu.

7. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir Willardssjóð frá 15. október 1957.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skipulags-skráin síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda fyrir Ísland.

5. júní 1969.

Nr. 187.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 167 20. maí 1969 um póst- og símaskóla.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: Skólanum stjórnar 7 manna nefnd. Fimm sérfróða menn, hvern á sínu sviði, skipar póst- og símamála-stjóri til 3 ára í senn, en tvo nefndarmenn, sinn frá hvoru félagi, Félagi íslenzkra símamanna og Póstmannafélagi Íslands, skipar póst- og símamálaráðherra til sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 8/1935, öðlast þegar gildi.

Póst- og símamálaráðherra, 5. júní 1969.

Ingólfur Jónsson.

Bragi Kristjánsson.

5. júní 1969.

Nr. 188.

AUGLÝSING

um tollfrjálsan innflutning á vistum og búnaði vísindaleiðangra.

Ráðuneytið hefur ákveðið, með heimild í 4. tl. 3. gr. tollskrárlaga, að heimila tollfrjálsan innflutning á vistum, tækjum og öðrum búnaði, sem vísindamenn og vísindaleiðangrar frá erlendum rannsóknarstofnunum og háskólum o. þ. h. hafa meðferðis frá útlöndum til notkunar við rannsóknir sínar hér á landi.

Tollundanþágan er háð eftirtöldum skilyrðum:

1. Lögð sé fram skrifleg heimild frá Rannsóknarráði ríkisins um að viðkomandi leiðangur hafi leyfi til rannsóknarstarfsemi hér á landi.
2. Að leiðangurstjóri lýsi því yfir skriflega við viðkomandi tollyfirvöld, að hinar innfluttu vörur, samkv. sundurliðaðri skrá séu eingöngu vegna viðkomandi leiðangurs og innflutt tæki og áhöld ásamt ónotuðum vistum verði flutt úr landi við brottför leiðangursins og eigi síðar en innan árs frá komu.
3. Að innfluttar vörur séu, að dómi tollyfirvalda, hæfilegar með tilliti til starfa og verksviðs leiðangursins hér á landi.